



Óháð fréttablað á Vestfjörðum  
**BÆJARINS BESTA**  
Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 23. júní 2016 · 24. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



<p><b>HAMRABORG</b> Hamraborg ehf • Hafnastræti 7 Sími 456 3166</p>	<p><b>HAMRABORG SAMLOKA</b> Geymist við 0-4°C með hangikjöti og salati</p>	<p><b>HAMRABORG SAMLOKA</b> Geymist við 0-4°C með roastbeef</p>	<p><b>HAMRABORG SAMLOKA</b> Geymist við 0-4°C með kjúlingasalati</p>	<p><b>HAMRABORG SAMLOKA</b> Geymist við 0-4°C með rækjum og eggjum</p>	<p><i>Alltaf nýsmurt</i></p>
---	--	---	--	--	------------------------------





## Málsvari lýðræðis og friðar

Hildur Þórðardóttir forsetaframbjóðandi skrapp vestur á dögum og leit að sjálf-sögðu við hjá hinum eina sanna vestfirski miðli Bæjarins besta. Hún kom óþekkt inn í baráttuna um Bessastaði en hefur vakið athygli fyrir frumlega nálgun þar sem hún óhikað ræðir fyrri líf og andleg málefni. „Þetta er svo mikið tabú í samfélaginu að það er kominn tími til að einhver opni umræðuna. Það er fjöldi fólks sem veit út á hvað lífið gengur en þorir ekki að segja neitt af ótta við útskýfun.“

### Rithöfundur.

Hildur er þjóðfræðingur, rithöfundur og leikskáld og um skáldskap sinn segir hún „ég er rithöfundur og get kallað mig leikskáld líka. Ég hef verið að gefa út sjálfstyrkingarbækur undanfarið um tilfinningar og hugsanir, lægra sjálf og æðra

sjálf, og samskipti okkar við annað fólk. Hvort við látum okkar drauma rætast eða hvort við erum meira að láta annarra drauma rætast“.

Framtíðarsýn Hildar er sú að hér sé að hægt að byggja upp samfélag, þar sem ríkir friður og allir fá að tjá sig, að við vinnum saman að heill lands og þjóðar en hún er orðin þreytt á eilífum ófriði á Alþingi. Hún segir að vinnubrögð þurfi að lagast og þessu stríðsástandi þurfi að linna. Þar er of mikil tvíhliða hugsun, rétt eða rangt, svart eða hvítt, vinur eða óvinur.

### Styður nýja stjórnarskrá.

Hildur er einlægur stuðningsmaður nýrrar stjórnarskrár, þar fái þjóðin meiri völd og geti sjálf komið málum á framfæri og lagt fram frumvörp. Hún segir að forsetinn eigi og geti lyft umræðunni því hann hafi áhrif.

Eftir höfðinu dansa limirnir, ef forsetinn er alltaf í átakagír, þá er þjóðin það líka. „Ég sem forseti mun fókusa á einstaklinginn. Ég mun fara út til fólksins og segja hverjum einstaklingi að hann skipti máli. Í lýðræðisþjóðfélagi skiptir hver einstaklingur máli“ segir Hildur og bætir við að sú aðstoð sem þjóðin veitir veikum einstaklingum segir til um hvernig samfélagið okkar er.

Hildur hefur starfað sem sjálfboðaliði á kaffistofu Samhjalpar, hjá Rauða krossinum og Hugarflí. Henni eru kjör minnimáttar hugleikin og verði hún forseti mun hún leggja áherslu á að allir séu jafn mikilvægir og að allir skipti máli.

„Ég býð mig fram til embættisins vegna þess að ég vil að þjóðfélagið þróist í átt til umburðarlyndis, víðsýni og stærri hugsunar. Ég er sterk kona og gildi þjóðfundarins eru mér mjög

mikilvæg, gildin sem þjóðin hefur valið, jafnrétti, heiðarleiki og traust. Ég tel það soun á embættinu ef þar situr einstaklingur sem er ekki að boða frið í heiminum“ segir Hildur og hún er ánægð með hve margir eru í framboði og hvað frambjóðendur eru mismunandi. „Það endurspeglar hvar þjóðin er stödd í þroska hver verður valinn“

Hildur vill ekki meina að þrátt fyrir lágt gengi í skoðanakönnunum, sem hún segist reyndar ekki fylgjast með, gangi henni illa. Mörg okkar hafa ekki mikið fjármagn til baráttunnar en mér er allstaðar vel tekið. „Ef fólk er tilbúið til að fá mig sem forseta, þá verð ég forseti“. Hildur hefur farið víða um landið og safnaði sjálf sínum undirskriftum en það segir hún hafa gefið sér mikið, hún hafi hitt svo marga og heyrt mörg sjónarmið.

Hildur hefur aldrei verið í stjórnmálum og hana hryllir við ástandinu á alþingi, þar þurfi svo sannarlega að bæta vinnubrögð. „Mér þykir líka mjög brýnt að ráðherrar sitji ekki á alþingi og þess vegna þurfum við að koma nýju stjórnarskránni í gegn.“

„Umhverfisvernd er mjög mikilvæg og allt sem við gerum verður að vera sjálfbært“ segir Hildur og vill að lögd sé meiri áhersla á að rækta mat hér innanlands og veita grænmetisbændum rafmagn á sama verði og álverin fá. Álverum megi ekki fjölga og nóg sé komið af stórum virkjunum, „hér þarf kvenlegri nálgun, litlar og sjálfbærar virkjanir ef við ákveðum að virkja meira“

Hildur hefur eins og aðrir áhyggjur af flóttamannavandanum og ítrekar skoðun sína að forseti skuli vera boðberi friðar. Forsetinn á að beita sér fyrir lausn vandans, beita sér fyrir friði. Síðan sé það alþingis að ákveða hvernig leyst verði úr

fjölda flóttamanna hér á landi, það sé ekki verkefni forsetans.

### Trú er alltumlykjandi kærleikur

Hildur segist vera trúuð en þó ekki í þeim skilningi að það sitji gráhærður karl á himnum og fylgist með heldur felist trúin í alltumlykjandi kærleika. Hún telur að í framtíðinni muni öll trúarbrögð sameinast en hver og einn geti iðkað sína trú á sinn hátt. Við þurfum að tileinka okkur umburðarlyndi og skilning og kirkjan þarf að fylgja með. „En sem kristin þjóð finnst mér mikilvægt að við höldum í ákveðnar hefðir eins og til dæmis jólin sem reyndar eru heiðinn siður, en er í okkar samfélagi mikilvæg fjölskylduhátíð“

### Málsvari lýðræðis

Skáldið Hildur sem vill verða forseti sem væri málsvari lýðræðis og sameiningar, umburðarlyndis og boðberi friðar, undirbjó sig fyrir skriftirnar með því að nema þjóðfræði. „Ég held ég sé á undan minni samfélagi, bækkurnar mínar eru andlegar og fólk les þær þegar það er tilbúið fyrir þær. 70% af Íslendingum trúa á álfa, trúa á eitthvað annað en við sjáum. Fólk er forvitnið um það sem ég er að segja en er hrætt við að verða að athlægi. Við búum okkur til ákveðinn kassa utan um það sem venjulegt fólk gerir og þessum okkur á að vera inni í þeim kassa af ótta við að verða að athlægi“.

Það er glaðbeittur forsetaframbjóðandi sem segir „Íslendingar gætu bara verið stoltir af því að eiga forseta sem man fyrri líf, það á ekkert að vera tabú að muna fyrri líf“ og svo heldur hún af stað.

Bryndís Sigurðardóttir



## Minna á fánalögin og hlaupandi lambfé

Lögreglan á Vestfjörðum minnir þá sem draga íslenska fánann að húni, af hvaða tilefni sem er, að fylgja fánalögunum hvað tímalengd varðar. Þetta kemur fram í dagbók lögreglunnar vikuna 6.-13. júní. Samkvæmt lögum má ekki draga íslenska fánann að húni fyrr en klukkan sjö að morgni og skal draga hann aftur fyrir sólarlag eða aldrei lengur en til miðnatts. Þá þykir lögreglu rétt að minna sauðfjárbændur á að reyna að tryggja að lambfé sé ekki á eða við vegi í umdæminu. Sömuleiðis eru bílstjórar minntir á að aka með aðgát í þessu sambandi. Í vikunni sem leið var ekið á lömb, annars vegar í Dýrafirði og hins vegar í Öfundarfirði.

harpa@bb.is





**1.498**  
kr. kg

KS Lambalærissneiðar  
Frosnar



**1.998**  
kr. kg

KS Lambahryggur  
Frosinn, hálfur (lundapartur)



**498**  
kr. kg

Danpo Kjúklingur  
Danskur, heill, frosinn

**BONUS**  
skilar til  
viðskiptavina  
ólöglegri gjaldtöku  
ríkisins við útboð á  
kjúklingakvóta til  
innflutnings á  
kjúklingakjöti\*

## GOTT VERÐ Í BÓNUS



**100kr**  
verðlækkun pr. kg

**698**  
kr. kg

SS Reykt folaldakjöt  
SS Saltað folaldakjöt  
Með beini - Verð áður 798 kr.



**336kr**  
Verðlækkun

**1.459**  
kr. kg

OS Samlokuostur  
Í sneiðum - Verð áður 1795 kr.



BRÚN OG VISTVÆN  
STJÖRNUEGG

**598**  
kr. 816 g

Stjörnu Brúegg  
12 stór egg, 816 g

**12**  
egg



**298**  
kr. kg

Íslenskir Tómatar  
Í lausu



**149**  
kr. stk.

Íslensk Agúrka  
ca. 350 g



**1kg**

**998**  
kr. 1 kg

Gevalia Kaffibaunir  
1 kg, 2 teg.



**100% SAFI**

**59**  
kr. 250 ml

Floridana Heilsusafi  
250 ml



**198**  
kr. 1 l

Floridana Heilsusafi  
1 lítri



**98**  
kr. 1 l

Trönuberjasafi  
1 lítri



**9x250m**  
rúllur

**100kr**  
Verðlækkun

**698**  
kr. 9 rl.

Bónus Salernispappír  
9 rúllur, 3 laga - Verð áður 798 kr.

# BONUS EKKERT BRUÐL





**Útgefandi:** Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740  
**Afgreiðsla og ritstjórn:** Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560  
**Ritstjóri BB og bb.is:** Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is  
**Abyrgðarmaður:** Bryndís Sigurðardóttir.  
**Blaðamaður:** Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is  
**Auglýsingar:** Sími 456 4560, auglysingar@bb.is  
**Prentvinnsla:** Litróf ehf.  
**Upplag:** 2.200 eintök  
**Dreifing:** Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum  
**Stafræn útgáfa:** www.bb.is / facebook.com/pages/bbis  
**Önnur útgáfa:** Á ferð um Vestfirði  
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

## Ritstjórnargrein

### Embættismaður allrar þjóðarinnar.

Þær eru ansi líflegar forsetakosningarnar þetta sinnið, með nýju afar ólíka frambjóðendum og baráttan bæði skemmtileg og skammarleg. Einn er kostaður af LÍU annar af Sjálfstæðisflokknum að sögn Gróu nokkurrar frá Leiti, sumir segja lýðinn vera fávísan, eða ekki og hvað vill þjóðin með þessa 26. grein sem var dauð, steindauð fyrir nokkrum árum. Er Bessastaðajarlinn einvaldur eða puntudúkka, flytur hann fjöll eða spjallar bara kurteislega á mannamótum, skiptir hann máli eða er hann bara óþarfur? Vantar okkur forseta sem kann að heila eða forseta sem er hokinn af reynslu? Hvað með börnin, er ekki fullt af þjóðargersumum á Bessastöðum sem óþekk börn forsetans geta skemmt og hver ætlar að hugsa um börnin þegar foreldrið er forseti? Þarf forsetinn að trúá á heilagan anda og gráhærðan Guð á himnum eða er bara nóg að vera þokkalega vel innréttaður? Þarf forseti að vera sómasamlega fær á erlendum tungum eða er nóg að tala kjarnayrta íslensku og reka aldrei í vörðurnar, má forseti tafsa á orðunum eða stama eða þarf hann yfirhöfuð að segja eitthvað af viti. Er forsetinn hann! Þarf forsetafrúin að vera frú, þurfum við nýtt orð? Og hvað með Icesave, þarf forsetinn að kunna skila á Icesave og þá frá hvaða sjónarhorni?

Í blaðinu í dag er viðtal við þrjá forsetaframbjóðendur, Davíð Oddson, Guðna Th. Jóhannesson og Hildi Þórðardóttir, allt saman ljómandi frambærilegt og vel gert fólk sem öll myndu sóma sér vel Bessastöðum.

En, hvernig sem þetta snýst allt saman þá verður kosið á laugar-daginn og á sunnudaginn vitum við hver er forseti, hver forsetafrú/ herra og þá er bara að vona að rétt hafi verið kosið. Að forseti vor, frá og með næsta sunnudegi, sé þjóðinni til bæði gagns og sóma.

Umfram allt, nýtum okkar mikilvæga rétt til að velja okkur forystufólk, sá réttur er ekki allra en hann er okkar.

BS

## Spurning vikunnar

### Hver fær þitt atkvæði 25. júní

Alls svöruðu 720.  
Andri Snær Magnason 4%  
Ástþór Magnússon 1%  
Davíð Oddsson 12%  
Elísabet Jökulsdóttir 1%  
Guðni Th. Jóhannesson 35%  
Guðrún M. Pálsdóttir 0%  
Halla Tómasdóttir 38%  
Hildur Þórðardóttir 0%  
Sturla Jónsson 2%  
Ætla ekki að kjósa 3%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



# ÍSAFJARÐARBÆR

## Auglýsing um kjörfund vegna forsetakosninga 25. júní 2016

Kjörfundur vegna forsetakosninga verður haldinn þann 25. júní 2016. Kjörfundur hefst kl. 09:00 í öllum kjördeildum og stendur til kl. 22:00 í 1.-3. kjördeild en til kl. 20:00 í 4.-6. kjördeild. Kosið verður á eftirtöldum stöðum:

- 1.-3. kjördeild í Menntaskólanum á Ísafirði
4. kjördeild í Grunnskólanum á Suðureyri
5. kjördeild í Grunnskólanum á Flateyri
6. kjördeild í Grunnskólanum á Pingeyri

Kjörskrá liggur frammi til kjördags á skrifstofu Ísafjarðarbæjar í Stjórn-sýsluhúsinu, Hafnarstræti 1 Ísafirði. Kjósendur eru minntir á að hafa með sér persónuskilríki á kjörstað. Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag verður í Menntaskólanum á Ísafirði. Símar yfirkjörstjórnar á kjördag eru 450-4406 og 450-4407.

Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar

Hildur Halldórsdóttir formaður

Aðalbjörg Sigurðardóttir

Björn Davíðsson



## Kjörfundur í Súðavíkurbær verður sem hér segir:

Súðavíkurskóli kl. 12:00 – 20:00

Heydalur kl. 12:00 – 18:00





# Sækjum Bessastaði heim

Íslenska þjóðin tekur forseta Íslands fagnandi hvar sem hann kemur. Það er löngu tímabært að forsetinn endurgjaldi gestrisni þjóðarinnar.

Forseti Íslands þarf að hafa skilning á stöðu landsbyggðarinnar. Hann verður að hugsa út fyrir höfuðborgarsvæðið og hlusta á sjónarmið allra landsmanna.

  
- kjósum reynslu  
á Bessastaði



 Fylgstu með á Facebook | [www.xdavid.is](http://www.xdavid.is)





BOLUNGARVÍK

## Kjörfundur

Kjörfundur í Bolungarvík vegna kjörs forseta Íslands laugardaginn 25. júní 2016 verður haldinn í fundarsal Ráðhúss Bolungarvíkur við Aðalstræti 10-12.

Kjörfundur hefst kl. 10:00 árdegis og stendur til 22:00 síðdegis.

Kjósendur geta kannað hvar þeir eru á kjörskrá á vef innanríkisráðuneytisins [www.kosning.is](http://www.kosning.is) og kjörskrá liggur frammi á bæjarskrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar að Aðalstræti 10-12 á afgreiðslutíma skrifstofunnar frá kl. 10:00 til kl. 15:00.

Kjörstjórn vekur athygli kjósenda á 79. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24 frá 16. maí 2000, sbr. lög nr. 36 um framboð og kjör forseta Íslands frá 12. febrúar 1945, en þar segir:

„Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér, svo sem með því að segja til sín og framvísa kennivottorði eða nafnskírteini, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir kjörstjórn honum einn kjörseðil.“

Kjörstjórn Bolungarvíkur



## ÍSAFJARÐARBÆR

### Tillaga að deiliskipulagi við munna Dýrafjarðarganga, við Dranga og Rauðsstaði, Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 16. júní síðastliðinn að auglýsa tillögu að deiliskipulagi við munna Dýrafjarðarganga, annarsvegar við Dranga og hinsvegar við Rauðsstaði skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og umhverfisskýrslu, skv. 7. gr. laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

Markmið deiliskipulagsins er að heimila nauðsynlega aðstöðu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við jarðgöngin.

Fyrirhugað skipulagssvæði mun taka til vinnubúða, vinnusvæðis með skrifstofu, geymslum o.þ.h. og haugsvæðis. Að framkvæmdum loknum verða vinnubúðirnar fjarlægðar og gengið frá svæðinu þannig að ásýnd þess verði sem líkust því sem var fyrir framkvæmdirnar. Framkvæmdasvæðið er á skilgreindu landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi.

Deiliskipulagstillögurnar ásamt umhverfisskýrslu, verða til sýnis á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar Hafnarstræti 1 á Ísafirði, á heimasíðu Ísafjarðarbæjar [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is) frá 23. júní 2016 til og með 4. ágúst 2016.

Peir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar til 04.08.2016.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður eða á netfangið: [axelov@isafjordur.is](mailto:axelov@isafjordur.is)

Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi



## Bátur til sölu

Glænýr **Blue Spirit** gúmmibátur, aldrei snert saltan sjó. Bátur með harðri skel. Ekki hægt að velta honum.

→ 4,3 m. langur  
→ 25 hestafla nýr Mercury mótör

**Nánar  
í síma  
893 0170**

## Atvinna



Óska eftir beitningarfólki á Ísafjörð, mikil vinna í boði.

Allar fyrirspurnir sendast á [sverrir@otur.is](mailto:sverrir@otur.is) eða í síma 860-7960

# Bíldudalur - samtal við framtíðina

## verkefnastyrkir 2016

Stjórn Byggðastofnunar hefur falið verkefnisstjórn byggðapróunarverkefnisins Bíldudalur – samtal um framtíðina að úthluta í ár, 2016, fimm milljónum króna til að styrkja verkefni og atburði sem falla að áherslum verkefnisins.

Forgangsröðun frá íbúáþingi má sjá á vef Byggðastofnunar,

[www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/bildudalur-samantekt-lok.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/bildudalur-samantekt-lok.pdf)

Ekki er gerð krafa um mótframlag en jafnan er talið verkefnum til framdráttar ef þau laða fram krafta þátttakenda í samræmi við þá hugsun sem liggur til grundvallar verkefninu Brothættar byggðir. Enn fremur styrkir það verkefni ef þau leiða til samstarfs aðila innan og/eða utan héraðs. Styrkhæf verkefni eru rannsókná-, þróunar- og nýsköpunarverkefni þar sem markvisst er stefnt að markaðssetningu nýrrar eða endurbættrar vöru eða þjónustu. Enn fremur samfélagseflandi verkefni önnur en þau sem teljast til lögbundinna og/eða hefðbundinna verkefna ríkis eða sveitarfélaga.

Nánari reglur um styrki í verkefninu Brothættar byggir má sjá á vef Byggðastofnunar, [www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/verklysings/bb2-vidauki-v-styrkir-utg-2-1-mars-2016.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklysings/bb2-vidauki-v-styrkir-utg-2-1-mars-2016.pdf)  
Umsóknum um styrki skal skila rafrænt á netfangið [sigga@byggdastofnun.is](mailto:sigga@byggdastofnun.is) fyrir miðvikudaginn 6. júlí 2016.

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veitir Valgeir Ægir Ingólfsson hjá AtVest í s. 8652490 eða á netfanginu [valgeir@atvest.is](mailto:valgeir@atvest.is)



BYGGÐASTOFNUN



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga



VESTURBYGGÐ

### FORSETAKOSNINGAR 2016

## Á Íslandi skipta allir máli

Ég vil búa í samfélagi sem setur mannlífið og náttúruna í forgang. Samfélagi sem byggir á góðri menntun, heiðarleika og réttlæti. Samfélagi sem sýnir umhyggju, er framtíðarheimili unga fólksins og leyfir eldri kynslóðum að njóta þess sem þær hafa áorkað.

Sem forseti Íslands myndi ég starfa eftir þessum gildum. **Förum þangað.**

Úrslit í forsetakosningunum eru hvergi nærri ráðin. Ég hvet þig, kjósandi góður, til að mæta á kjörstað og kjósa með hjartanu. Þitt atkvæði skiptir máli.

Halla Tómasdóttir hefur starfað lengst af sem mannauðsstjóri og kennari hér heima, í Bandaríkjunum og í Bretlandi.

Halla er rekstrarhagfræðingur frá Bandaríkjunum og talar fjögur tungumál. Undanfarin misseri hefur hún starfað sem fyrirlesari á alþjóðavettvangi og er auk þess virkur þátttakandi í umræðu um þróun samfélagsins. Halla er gift Birni Skúlasyni og þau eiga tvö börn. Fjölskyldan býr í Kópavogi.

Halla Tómasdóttir



[halla2016.is](http://halla2016.is) | [facebook.com/halla2016](https://facebook.com/halla2016)

**Halla**  
förun þangað 2016





## Ég er mannasættir

Þegar Skutulfjörðurinn skartaði sínu fegursta og íbúar Ísafjarðar ættu með réttu að flykkjast út og njóta sólarinnar tókst forsetaframbjóðenda að fylla Rögnvaldarsal á bráðskemmtiligan framboðsfund. Davíð Oddson sem staðið hefur í eldlnu stjórnmalanna næstum lengur en elstu menn muna fer nú fram og sækist eftir æðsta embætti þjóðarinnar, hann vill verða forseti. Af hverju? Jú, „Ég vildi fjölga þeim kostum sem fólk hafði úr að velja og mér sýndist að mínir kræftar gætu nýst, sérstaklega þegar Ólafur Ragnar hafði dregið sig til baka. Mér fannst vanta ákveðna reynslu sem ég get boðið fram. Aðstæður í þjóðfélaginu eru með þeim hætti að ég met það þannig, þingið stendur veikt því þar hafa orðið miklar mannabreytingar og það er ekki gott að hafa forsetaembættið líka veikt, það stefndi í ákveðið reynsluleysi“. Davíð segist hafa gert sér grein fyrir að þetta myndi valda einhverjum óróa en „mig óaði ekkert við því, ég hef gott af því að vera í eldlnunni og fæ nú tækifæri til að svara ýmsu sem haldið hefur verið fram, ég hef ekki gert mikið að því undanfarin ár“. Hann segist vera að bjóða sig fram til tiltekinna þjónustu en fáist það ekki er hann sáttur í því starfi sem hann gegnir nú.

### Alltaf heill í starfi.

Davíð segist alltaf hafa verið heill í því starfi sem hann gegnir hverju sinni, ég hef til dæmis ekki tekið mér frí hjá Morgunblaðinu þessi sjö ár sem ég hef starfað þar og skrifað öll Reykjavíkurbrefin þennan tíma og þannig forseti mun ég verða, heill í starfi og af öllu hjarta.

### Kann á tölvupóst.

Athygli vakti á dögnum þegar

Davíð ljóstraði því upp að allan þann tíma sem hann var á alþingi og í Seðlabankanum hafi hann aldrei notað tölvu, tölvupóst eða farsíma en hann upplýsir nú að með þetta hafi hann ekki komist upp með hjá Morgunblaðinu, svo nú er hann fljúgandi fær með þessa nýju tækni. „Það var bara þannig að ég þurfti ekki að læra á þetta fyrr, ég hafði ritara sem sá um þessi mál, eins flestir af mínum kollegum gerðu. Þetta háði mér aldrei“.

### Þjóðaratkvæðagreiðsla er tískumál.

Á fundi sínum í Rögnvaldarsal fór Davíð víða, reytti af sér brandara eins og honum einum er lagið en tók um leið á ýmsum málum sem hávær eru í umræðunni þessa dagana. Eitt af þeim eru þjóðaratkvæðagreiðslur og hvernig þeim verði best fyrirkomid, Davíð kallar þetta reyndar „tískumál“ en segist engu að síður alls ekki vera á móti þjóðaratkvæðagreiðslum, hann leggur hins vegar áherslu á þetta verði hugsað til enda. „Ég er hræddur um að það dragi enn meir úr almennri kosningaþátttöku ef kjósendur geta gengið að því sem vísu að kosið verði hvort eð er í þjóðaratkvæðagreiðslum um öll stærri mál, ég held líka að þetta veiki fulltrúalýðræðið hjá okkur og ég tel að það sé ekki almennur vilji fyrir því“. Davíð nefnir allmargar tilraunir til þjóðaratkvæðagreiðslna sem hann segir hafa verið marklausar vegna lélegrar þátttöku.

Komi fram krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu mun Davíð Oddson sem forseti fyrst skoða hve miklir hagsmunir væru í húfi og hvort málið væri óendurkræft, sem dæmi má nefna fjölmiðlalogin áttu að taka gildi þrem árum eftir samþykkt og teldust því varla óendurkræfur gjörningur.

Framkvæmdir við Kárahnjúka hefði hins vegar verið ákvörðun sem var óendurkræft og hann hefði hugleitt að beina þeim til þjóðarinnar. Eins væri um Icesave samningana, samþykktir yrðu þeir óafturkræfir. Davíð segir að í þessu máli hafi engu skipt að samningarnir hefðu verið samþykktir með auknum meirihluta á alþingi, hann er sammála þeim rökstuðningi Ólafsagnars að fyrst málið var einu sinni komið til þjóðarinnar skyldi því til luktar leitt hjá henni líka. Davíð er líka sammála því mati Ólafs að Makrísamningana skyldi ekki vísa til þjóðarinnar og tók undir þau rök Ólafs að söfnun undirskrifta hefði hafist löngu áður en niðurstaða var komin í málið á Alþingi og þess vegna erfitt að taka mark á þeirri söfnun.

Ef ákvæði um rétt hins almenna borgar til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál verða sett í stjórnarskrá telur Davíð að forsetinn verði að halda sínum rétti og hann megi ekki skilyrða.

### Stjórnarskráin.

Davíð hefur tekið þátt í mörgum atkvæðagreiðslum um breytingar á stjórnarskránni, þar má nefna breytingu á þinginu í eina deild, jöfnun atkvæðavægis og nýjan mannréttindakafla en hann bendir á að Stjórnarskráin hafi árið 1944 verið samþykkt með 98% atkvæði og um hana hafi almennt ríkti mikil sátt. Engu að síður eru mörg ákvæði í stjórnarskránni sem þarf að fella út eða laga, eins og til dæmis það að forseti geti veitt undanþágu frá lögum. Sömuleiðis er óeðlilegt að forseti geti lagt fram frumvarp á alþingi en það er leyfilegt samkvæmt núgildandi stjórnarskrá og er ákvæði sem forseti getur virkjað sýnist honum svo, eins og 26. greinin sem almennt var talið að yrði aldrei beitt. Davíð glottir við tönn þegar hann segir frá því að sjálfur Ólafur Ragnar hafi kennt það í háskólanum að 26. greinin væri óvirk.

### Stjórnlagadómstóll.

Þá er Davíð áhugasamur um að Stjórnlagadómstóll í einni eða annari mynd yrði til staðar eða að Hæstiréttur fengi heimild eða skyldu til að meta hvort lagafrumvarp, sem haldið væri fram að stangaðist á við stjórnarskrá, gerði það eða ekki.

### Auðlindin.

Davíð er fylgjandi því að í stjórnarskrána kæmi ákvæði um þjóðareign á auðlindum, „ég skipaði á sínum tíma nefnd um

gjaldtöku af þjóðarauðlindum, sú nefnd skilaði ágætri niðurstöðu og það er á grundvelli þeirrar vinnu sem núverandi gjöld eru lögð á.

### Forseti á faraldsfæti.

Oft hefur komið fram að Davíð vill fremur rækja heimsóknir innanlands en að fara í viking erlendis þó auðvitað muni hann sinna öllum skyldum þjóðhöfðingjans á erlendri grundu. „Mig langar líka að opna meira fyrir þann möguleika að Íslendingar geti heimsótt Bessastaði, hafi þeir áhuga á því“. Og auðvitað koma vestur, oft og mikið svarar hann aðspurður um hvort Vestfirðir verði á ferðaáætlun forsetans.

Á fundinum kom berlega í ljós að Davíð vildi ekki að forseti gengi á vald alþingis, virða beri fulltrúalýðræðið. En stæðist Davíð Oddson mátið að tjá sig ef ríkisstjórnin mótaði utanríkisstefnu sem væri honum mjög á móti skapi? „Ef fram myndi koma utanríkisstefna sem ég teldi mjög fjandsamlega hagsmunum Íslands, væri mér skylt að bregðast við því“.

### Mannasættir.

Forsetinn er valdamaður, segir Davíð, hann hefur áhrif en hann á að haga gjörðum og orðum þannig að hann sé sameiningartákn og ég er mannasættir, ég hélt saman ríkisstjórn þriggja mjög ólíkra flokka og aldrei klofnaði Sjálfstæðisflokkurinn undir minni stjórn.

Ég á gott með að tala við fólk og hef gaman að því segir Davíð og við kveðjumst með virktum.

Bryndís Sigurðardóttir

## Bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar

víst ekki,“ segir Henna-Riikka og hlær.

Henna-Riikka hefur kennt dans við Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar með stuttum hléum frá árinu 2005 til dagsins í dag. Henna-Riikka hefur sett svip sinn á listalíf Ísfirðinga, með nemendasýningum á vorin þar sem hún bæði semur verkin og leikstýrir.

„Ég ætlaði bara að stoppa í mánuð á Íslandi þegar ég kom árið 2005, og bara í Reykjavík. Listaháskólinn sem ég var í úti í Finnlandi var með samning við listdansskóla í Reykjavík og ég ætlaði að taka kennaraprófið þar en frétti þá að listdansskólinn væri með samning við LRÓ á Ísafirði og ákvað að koma hing-

ad. Þegar ég var búin með prófið bað Margrét Gunnarsdóttir mig um að vera áfram og kenna í eitt ár. Það ár framlengdist heldur betur og því ekki síst henni að þakka að ég er hér enn,“ segir hún nú 11 árum síðar.

Henna-Riikka er þessa dagana í sumarfrí frá LRÓ og vinnur við að leiðsegja fyrir Vesturferðir. „Þegar ég er að leiðsegja ferðamönnum þá segi ég oftar en ekki söguna af því hvernig ég endaði hér sem þeim þykir mjög gaman að heyra og nú get ég bætt við þá sögu,“ segir hún. „Það er eitthvað við fólk, bæin og umhverfið allt sem hefur haldið í mig öll þessi ár og ég þakka fyrir það því hér er gott að vera. Hér kynntist ég kærastanum mínum og við keyptum okkur hús hér





## Ágreiningur er aðalsmerki siðaðs samfélags

„Ég ákvað að bjóða mig fram til forseta Íslands vegna þess að ég hef sannfæringu fyrir því hvernig embættið á að vera og hvernig því er best gegnt. Ég vil láta gott af mér leiða og þegar ég fann sterkan samhljóm með mínum hugmyndum, þá tók ég þá ákvörðun að láta slag standa,“ segir Guðni Th. Jóhannesson í samtali við Bæjarins besta. Þá var hann staddur á Flateyri í fínu fundarherbergi á Bryggjukaffi sem hér eftir gæti heitið Forseta-herbergið. Guðni hefur farið víða um land og nú var komið að Vestfjörðum og á stífri dagskránni voru heimsóknir í Bolungarvík, á Ísafjörð, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. „Til þess að hafa erindi sem erfiði í forsetaframboði þurfa allar stjórnurnar á

himninum að vera á réttum stað. Ég hafði sannfæringu fyrir því að ég gæti gegnt þessu embætti, fyrir því að ég væri að gera rétt með því að bjóða mig fram, en ég vildi líka hafa vissu um að ég ætti góðar líkur á sigri. Ég var búinn að ákveða að fara fram en þegar Ólafí Ragnari snerist hugur og hann hætti við að hætta, þá varð ég að hugsa minn gang því eins og sagan hefur kennt okkur er erfitt að sigra sitjandi forseta. Ég komst þó að þeirri niðurstöðu að ég vildi ekki láta einhvern annan ákveða fyrir mig hvort ég sæktist eftir þessu starfi eða ekki.“

### Forseti okkar allra.

„Mér finnst að forsetinn þurfi að vera forseti okkar allra, hlusta á öll sjónarmið og standa utan og ofan við flokka og fylkingar. Við

höfum Alþingi sem áttakavettvang þar sem ólíkar stjórnmála-stefnur takast á,“ segir Guðni aðspurður um viðhorf hans til embættisins.

### Mikilvægt embætti.

Guðni segir forseta gegna mikilvægu hlutverki í stjórnsýslunni, til dæmis við að staðfesta lög og koma að stjórnarmyndunum og þá skipti mjög miklu máli að fulltrúar allra stjórnmálaflokka á Alþingi geti treyst forsetanum. Hinsvegar sé hið óbeina áhrifa-vald ekki síður mikilvægt sem Guðni segir felast í því að forseti geti sett mikilvæg mál á dagskrá, hann hafi ósýnilegt ræðupúlt sem sé brýnt að nýta vel. Forseti þurfi að vera í nánnum tengslum við landsmenn, nema hvað brennur á fólki og koma þeim málefnum

á dagskrá.

Í yfirstandandi kosningabaráttu hafa frambjóðendur viljað ræða ýmis mál og leggja mismunandi áherslur og þar hafa ferðalög innanlands sem utan borið á góma. Þar vill Guðni leggja áherslu á að þrátt fyrir að forseti Íslands hafi mikilvægu hlutverki að gegna sem málsvari Íslands í útlöndum megi alls ekki gleyma mikilvægi þess að heimsækja allt landið. „Forsetinn þarf að vera boðinn og búin að ferðast um landið, hitta fólk bæði í höfuðborginni og hinum dreifðari byggðum.“

### Stjórnarskránni ekki breytt á Bessastöðum.

Stjórnarskráin, ný eða gömul, er mörgum hugleikin og Guðni segir að ef hann gæti breytt stjórnarskránni myndi hann setja í hana ákvæði um að forseta bæri að vera bjartsýnn, honum bæri að líta fram á veg og að hafa hugsjón. En stjórnarskránni er ekki breytt á Bessastöðum heldur á Alþingi og sé það vilji þjóðarinnar að breyta stjórnarskránni þá verði hún að kjósa fulltrúa á Alþingi sem vilji breyta stjórnarskránni. Guðni telur að það væri gott að fá inn ákvæði um beint lýðræði í stjórnarskrána og að ákveðinn fjöldi kjósenda geti óskað eftir að fá lög í þjóðaratkvæðagreiðslu, sömuleiðis að þjóðareign á auðlindum og umhverfisvernd verði bundin í stjórnarskrána. En það er nauðsynlegt að halda inni synjunarrétti forseta til að hafna lögum og vísa þeim til þjóðaratkvæðagreiðslu. „Vigdís Finnbogadóttir nefndi til dæmis að ef Alþingi tæki sig til að samþykki lög um dauðarefsingar, þá yrði forseti að hafa heimild til að vísa þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu og ég myndi aldrei nokkurn tímann geta samþykkt þannig lög.“

### Fimm barna faðir.

Eins og margoft hefur komið fram þá er Guðni fimm barna faðir og má því leiða að því líkum að erfitt gæti verið að samræma fjölskyldulíf og erilsamt starf sem forseti. „Með samvinnu og aga er þetta vel hægt,“ segir Guðni og fullyrðir að þau hjónin séu mjög samstíga í uppeldi barnanna og í heimilisverkunum. „Ég mun halda áfram að hjóla með krakkana í leikskólann og skólann.“ Og hann fullyrðir að börnin séu ekkert sérstaklega óþekkt, þau séu líflæg og skemmtileg.

### Siðað samfélag.

„Ágreiningur er aðalsmerki siðaðs samfélags því okkur á að greina á en við eigum að fara að leikreglum og við eigum að gera það að siðaðra manna hætti. Þess vegna finnst mér líka brýnt að þótt við verjum málfrelsi í lengstu lög, verjum rétt manna til að segja skoðun sína, þá eigum við ekki að hampa þeim né hrósa sem fara fram með offorsi eða þeim sem vilja takamark frelsi annarra til að haga lífi sínu eins og þeir vilja. Við eigum ekki að þola hatursmæðu,“ segir Guðni og bætir við að hann muni, verði hann kjörinn forseti, styðja öll góð mál, sérstaklega sem snúa að því hjálpa þeim sem minna mega sín.

„Við sem einstaklingar og sem þjóð eigum hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi. Við sem erum svo lukkuleg að geta látið fé eða tíma af hendi rakna eigum að gera það. Við græðum öll á því sem samfélag að við stöndum saman.“

Og þar með var hann Guðni rokinn á næsta framboðsfund.

*Bryndís Sigurðardóttir*

fyrir þremur árum svo við erum ekkert að fara.“

Henna-Riikka hefur ekki einungis starfað fyrir LRÓ heldur hefur jafnframt komið að uppsetningu á ýmsum öðrum sýningum, svo sem með Litla leikklúbbnum, Kómedíuleikhúsinu, á Veturnóttum og á Þjóðleik. Henna-Riikka hefur verið í samstarfi við listamenn á svæðinu sem utan þess og þess má geta að á árinu var henni boðið að sýna í finnska þjóðleikhúsinu ásamt samstarfskonu sinni Mario Lathi.

Henna-Riikka er lauk BA próf í dansi frá Turun taideakatemia 2005 einnig lauk hún MA prófi í dans við Leiklistaháskólann í Finnlandi árið 2009 en hluta af náminu vann hún hér á Ísafirði með nemendum í Listaskóla Rögvaldar Ólafssonar.

*harpa@bb.is*



## ÍSAFJARÐARBÆR Atvinna

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar auglýsir laust til umsóknar nýtt starf forstöðumanns Þjónustumiðstöðvar. Undir Þjónustumiðstöð heyrir Áhaldahús og garðyrkjudeild. Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí 2016.

Nánari upplýsingar á [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)





## Sportið í beinni...

### fimmtudagur 23. júní

17:30 Stjarnan - ÍBV  
19:30 Golf - PGA Tour  
19:05 KR - ÍA

22:00 Sumarmessan

### föstudagur 24. júní

19:30 Golf - PGA Tour  
19:30 Breiðablik - Valur  
19:05 Haukar - Keflavík

22:00 Sumarmessan

22:00 Pepsímörkin

### laugardagur 25. júní

16:00 Stjarnan - Valur  
17:00 Golf - PGA Tour  
22:00 Sumarmessan

00:00 Copa America 2016

### sunnudagur 26. júní

17:00 Golf - PGA Tour  
22:00 Sumarmessan  
00:00 Copa America 2016

Úrslitaleikur

### mánudagur 27. júní

22:00 Sumarmessan

### þriðjudagur 28. júní

19:05 Víkingur Ó. - Þróttur

### miðvikudagur 29. júní

19:00 Fylkir - KR  
19:30 ÍA - Stjarnan  
22:00 Pepsímörkin

## Dagar Íslands

### 23. júní 1926:

Varðskipið Óðinn, sem ríkisstjórn Íslands lét smíða, kom til Reykjavíkur. Óðinn var gufuknúinn og vopnaður tveimur 57 mm fallbyssum.

### 24. júní 1627:

Tyrkjaránið: Jan Janszoon hélt skipi sínum frá Íslandi til Salé þar sem hann seldi fanga sína í ánauð.

### 24. júní 1865:

Fyrsti keisaraskurður var framkvæmdur á Íslandi. Móðirin lést en barnið lifði. Þetta var fyrsta svæfing á Íslandi við fæðingu.

### 28. júní 1914:

Fyrri heimsstyrjöldin hófst þegar Frans Ferdinand erkihertogi var myrtur í Sarajevó.

## Helgarveðrið

### Á föstudag:

Hæg suðlæg eða breytileg átt og víða bjartviðri. Sunnan 5-10 um landið vestanvert síðdegis og þykkar upp með dálftilli vætu um kvöldið. Hiti 12 til 20 stig.

### Á laugardag:

Sunnan 5-10 m/s og súld eða rigning, hiti 10 til 14 stig.

### Á sunnudag:

Breytileg átt og líklega rigning um allt land. Hiti 8 til 15 stig.

# Krossgátan

					TRÉ	GÓÐ-MENNSKA	EIN-SÖNGUR		HVORT	SKVETTAST	ANGRA
					ÆDISLEGA						
					NÁINN			FÁT			
								DÁÐ			
					HEIMS-ÁLFA				ÁTT		
									RJÁLA		
					ÚTVEGA						
					SIGTUN						GIMSTEINN
	↓	EINSKÆR	SIGTI				Á FÆTI				
			TVEIR EINS				HEIM-KYNNI				
BLÖKK						MÆLI-EINING					
						SKILABOÐ					
ÓSKIPTU					SAKEYRIR						BOTNFALL
					JAFNT						
Í RÖÐ			LÆR-LINGUR					UPP-HRÓPUN			
			KÖTTUR					DUGNAÐUR			
ALDUR				STEFNA					Í RÖÐ		
				NÁLÆGÐ					ÓPRÝÐA		
STÓ						TIGNA					HINDRUN
						RÓTAR-TAUGA					
		GLITTIR					UNGT				
		SETT					ÓSKORÐAÐ				
ÁÆTLUN					SKOÐUN						SKRAUT
					ÁN						
SLÁ			ENDAST					KRAFTUR			
			REGLA					SÍÐASTI DAGUR			
MUNDA				ÞRÁÐUR					RÓMVERSK TALA		
				ÓNEFNDUR					BÝLI		
DÝRKA						MAR-BENDILL					
ÖTULL						DYGGUR					

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS  
OG  
JARÐAR

Mánagötu 2  
400 Ísafirði  
Sími: 456 4560  
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og  
upplýsingar um  
réttindi og kjör  
á vinnumarkaði  
[www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)





Lausn á síðustu krossgátu



		GUTL	KRASSA	LEIKTÆKI	EKKI		RÁ	ÓSKIPTAN
RENNA TIL	S	K	R	E	N	S	A	
KRAKKI	K	R	Ó	I	TVEIR EINS LEGU	L	L	
KJÓKUR	V	O	L	ANDI HERMA	S	Á	L	
STRITA FYRIRHÖFN	A	T	A	S	T	ÁTT	A	
	↓	YRKJA	Hljóma GAT	Ó	M	A	T	Ö
HÁSPIL	T	R	O	M	P	SPOTTA REMMU	H	Æ
MÁLEÐI	R	Æ	P	A	KAUPS GRENJA	S	Ö	L
Í RÖÐ	J	K	SPIL HEIMSÁLFU	K	O	T	R	A
SVIF	Á	T	A	ALDUR	R	E	K	SKAP NET
FRAM- KOMA	F	A	S	ÁGISKUN TRÁÐKA	G	R	U	N
	R	ÁHRIFA- VALD HINDRUN	Í	T	A	K	TRAUÐUR FRAM- BÚRÐUR	Ó
HARÐAR- DYR	O	T	U	R	SAMSINNA BYLTA	J	Á	T
PESSI	S	Á	ÁKAFLEGA FRÆND- BÁLKUR	O	F	U	R	FARFA
HYLJA	K	L	Æ	Ð	A	SLOTA	S	L
AFSPURN	U	M	T	A	L	ÓLVFJAN	E	I
BÓK	R	I	T	HÖFRUNG- UR	L	É	T	T

Sudoku þrautir

	5	1	6			7	3	9
7		8			5		2	1
							4	
	9		5					
	8				1	2	9	
6								
			1	4	2		5	
		2				1	6	4
4	1	5	3	9				2
	8		2			6		3
	2	1		3				
		9		5	8		1	
					4	3	9	1
						2	8	
9		3	8	7			6	5
5	9	2	6	8		1	7	4
1		4	2			8		
			1	4	7		2	9

# FATASALA

## (SUMARLÍNAN)

Dvalarheimilinu Hlíf Ísafirði Naustinu

**Föstudaginn 24. júní kl. 14 - 18**  
**Laugardaginn 25. júní kl. 12 - 15**



Glæsilegur fatnaður á góðu verði.  
Kvartbuxur 5 litir verð 5.990  
Blússur, túnukur, bolir st. S-3XL  
Peysur, vesti  
Herrapeysur, pólóbolir, vesti

Miniwell nuddpúðinn á tilboði 29.000  
(þýsk gæði)



LOGY.IS

Allir velkomnir  
Sími 661-2580

### smáar

Sumarbústaður í Heydal í Mjóafirði til sölu. Upplýsingar í síma 857 8406. Konráð Jakobsson

PRENTUM  
ALLT MILLI  
HIMINS

OG

JARÐAR



Mánagötu 2  
400 Ísafirði  
Sími: 456 4560  
Netf.: honnun@bb.is

## Auglýsingasími bb.is er

**456 4560**

## Þjónustu- auglýsingar



ENDURSKOÐUN  
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900  
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður



HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.  
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda





# GARÐA DAGAR



Birkikvistur

**1.390** kr  
~~2.790~~

**50%  
afsláttur**



**50%  
afsláttur**

Birkir 70-100 cm

**999** kr  
~~1.990~~



Einir  
allar gerðir  
**50%  
afsláttur**



**60%  
afsláttur**

Sólboði

**499** kr  
~~1.290~~



**50%  
afsláttur**

Birkir 40 stk.

**2.490** kr  
~~4.990~~



**40%  
afsláttur**

Margarita

**999** kr  
~~1.690~~

